Reykjavík, 9. október 2020
Fundargerð 211. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 9. október var haldinn 211. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sat fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi, Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH.

Undir lið 1 og 2 sátu fundinn þeir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn hjá RLS.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið yfir tölfræði síðustu daga. Á höfuðborgarsvæðinu eru alls 727 í einangrun, en það er fjölgun um 232 síðan fyrir viku, eða 47%. Í sóttkví eru 3.310 eða 1.937 fleiri en fyrir viku, eða fjölgun um 141%. Á sjúkrahúsi eru 24 manns.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Hertar takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu

Þórólfur og Víðir fóru yfir stöðuna og útlitið næstu daga. Verulegt álag á nokkrum stöðum, meðal annars í smitrakningu, sýnatöku, sjúkraflutningum, sjúkrahúsinu og farsóttarhúsinu. Gera má ráð fyrir auknu álagi næstu daga, áður en hertar aðgerðir skila sér í fækkun smita.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að hertum opinberum aðgerðum innanlands vegna COVID-19. Dags. 3. október 2020.
- Reglugerð nr. 957/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Dags. 4. október 2020.

- Reglugerð nr. 958/2020 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. Dags. 4. október 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að hertum opinberum aðgerðum á höfuðborgarsvæðinu vegna hraðrar aukningar í smitum COVID-19. Dags. 6. október 2020.
- Reglugerð nr. 966/2020 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 957/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Dags. 6. október 2020.
- Reglugerð nr. 967/2020 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 958/2020 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. Dags. 6. október 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Ráðstafanir sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra

Mikið samstarf og samráð hefur verið á milli sveitarfélaganna og sviða þeirra á grundvelli AHS. Gefin var út sameiginleg yfirlýsing um sundstaði, skólasund og íþróttir. Neyðarstjórnir sveitarfélaganna hafa verið að störfum til að tryggja órofna starfsemi og til að grípa inn í þar sem upp hafa komið vandamál, smit og sóttkví.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fréttatilkynning – stöðvun íþrótta og líkamsræktar innandyra á höfuðborgarsvæðinu. Dags. 8. október 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir LRH

Lögreglustjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH. Nokkur hópur starfsmanna kominn í sóttkví og verið að gera ráðstafanir til að tryggja mönnun næstu dag og vikur.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS. Aukið álag í sjúkraflutningum, bifreiðum hefur verið fjölgað vegna COVID-19 flutninga, ný starfsstöð að opna við Grensásveg 9 og leitast verður eftir því að fjölga sjúkraflutningamönnum tímabundið með því að leita til sumarafleysingafólks.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál AHS

6.1 Heimildir í lögum til að færa starfsfólk á milli starfa (sviða/deilda) á neyðarstigi almannavarna. Framkvæmdastjóri AHS mun taka saman gögn vegna þessa.

Eftirfarandi lagt fram:

- Mbl. frá Reykjavíkurborg – Mönnun í starfsemi á neyðarstigi. Dags. 9. október 2020.

Afgreiðsla: Því verður beint til sveitarfélaganna að virkja þessa grein til að tryggja órofna starfsemi þeirra.

Fundi slitið klukkan 10:20

Næsti fundur verður boðaður sértaklega.

Fylgiskjöl:

AHS:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að hertum opinberum aðgerðum innanlands vegna COVID-19. Dags. 3. október 2020.
- Reglugerð nr. 957/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Dags. 4. október 2020.
- Reglugerð nr. 958/2020 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. Dags. 4. október 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að hertum opinberum aðgerðum á höfuðborgarsvæðinu vegna hraðrar aukningar í smitum COVID-19. Dags. 6. október 2020.
- Reglugerð nr. 966/2020 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 957/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Dags. 6. október 2020.
- Reglugerð nr. 967/2020 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 958/2020 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. Dags. 6. október 2020.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Gunnar Einarsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Haraldur Sverrisson

Ármann Kr. Ólafsson